

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

, 12.8.2024
UST202401-293/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. Júlí 2024 - Veiðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð, ID 222

Þann 10.júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Veiðifélagi Eystri - Rangár, Eyjarlandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Töluvert af fóðri var í settjörn. Rekstraraðila var bent á að tæma hana reglulega svo hún virki sem hreinsibúnaður.
2. Fimm stórar bleikjur voru í settjörnninni og var rekstraraðila bent á að fjarlægja þær í burtu úr settjörnninni.
3. Rekstraraðila var bent á að taka til á lóðinni og fara með óparfa rusl í förgun.

Sex frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Umhverfismarkmið eru ekki til staðar.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara yfir 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Losun fosfórs út frá fóðri var í 9,7 kg P/tonn og er því yfir mörkum.
3. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlun var ekki til staðar.
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Engar mælingar voru gerðar fyrir árið 2023.
5. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirliti var skilað innan tiltekins tíma en með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 23. júlí 2024 og telst því frávíkinu lokið.

6. Gr. 4.10 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. Engar skráningar voru til staðar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. september 2024.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur